21
13. júní

LÖG

um breyting á lögum nr. 44, 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Næst þegar Reykjavíkurhérað og Akureyrarhérað verða veitt, og síðan framvegis, skal aðeins veita þessi héruð læknum, sem eru sérfræðingar í heilbrigðisfræði, enda skal þá ráðherra setja héraðslæknum í þessum héruðum sérstakt erindisbréf, þar sem þeim er gert að hafa að aðalstarfi hin eiginlegu embættisstörf, eftir nánari reglum í erindisbréfinu, jafnframt því sem þeir að meira eða minna leyti eða með öllu eru leystir undan skyldu og sviptir rétti til að stunda almennar lækningar.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar Reykjavíkurhérað eða Akureyrarhérað hafa verið veitt samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar 5. greinar, skulu héraðslæknarnir í þeim héruðum hafa að árslaunum 6000 krónur. Í þessum kaupstöðum skal héraðslækni séð fyrir skrifstofu og aðstoð við skrifstofuhald, ef þörf krefur. Kostnaður af skrifstofuhaldinu greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Þessi ákvæði um skrifstofuhald koma til framkvæmda í Reykjavík nú þegar, þótt ekki verði þar héraðslæknaskipti.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.